

# Samfélag til framtíðar



FJÖLBAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA 2022

LISTNÁM - NÝSKÖPUN

- Samningur nr. UMS- 115
- Styrkur veittur 2021
- Gréta Mjöll Bjarnadóttir.

## Forsaga Nýsköpunar- og listabrautar

- Við Fjölbautaskólanum við Ármúla voru kenndir nokkrir listaáfanganar frá 1995en eftir því sem árin liðu vantaðisárlægum farveg fyrir hæfileikaríkanemendur sem stefndu á frekara listnámum eftir útskrift frá FÁ.
- Að frumkvæði Grétu Mjallar Bjarnadóttur og Þórs Elís Pálssonar var sótt um styrk til Sprotasjóðs með þeim tilgangi að móta listnámsbraut.
- Með stuðningi Sprotasjóðs 2010 varð Á brautryðjandi þeirrar hugmyndafræði að byggja upp nýsköpunar og listabraut, leið sem fleiri framhaldsskólar á landinu hafa tekið upp í kjölfariðrautin hefur verið starfrækt í hart nær 13 ár við skólann.
- Tilgangur og markmið hennar hefur greinilega sannað sig. Nemendafjöldi brautarinnar er um 50 nemendur á önn og nærra allir nemendur sem innritast hafa útskrifast af brautinni, litið er um brottafall. Flestir ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs.



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Þróun Nýsköpunar- og listabrautar (NL-braut) í Fjölbautaskólanum við Ármúla (FÁ) úr tveggja ára starfsnámsbraut í listum í þriggja ára list- og starfsnámsbraut til stúdentsprófs með sameiginlegri iðjutengri skapandi rannsókn. Um er að ræða samstarf rannsakenda, listkennara, listamanna og nemenda við skólaprórun.

Þetta er þróunarvinna (Art based action research) með virkri þátttöku nemanda í nýsköpunaráfanga, listkennurum með sameiginlegri iðjutengdri skapandi rannsókn.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

- Byggja upp þriggja ára listnám til stúdentsprófs sem afmarkast af tveimur þáttum: Haustönn 2022, iðjutengd skapandi rannsókn rannsakenda, nemenda og listkennara. Vorönn 2023, hugmyndavinna og skrif brautarlýsingar og viðbótaráfanga þriggja ára námsbrautar til stúdentsprófs. Endurskoðun og breytingar eldri áfangar.
- Áherslu á samtal milli nemenda, kennara og stjórnenda.
- Áhersla á heildstætt nám fyrir alla nemendur, efla félagslegan þátt námsins og stuðla að sterkara lærðómssamfélagi.
- Greina námið áfanga, kennsluhætti, stöðu námsins og þarfir nemenda með nemendum. Ræða reynslu og árangur, ígrunda leiðir til bóta og breytingar.
- Leggja áherslu á að kennsluhættir örvi samfélagslegt lærðómsrými.
- Stuðla að sterkara lærðómssamfélagi með samræðu og samvinnu nemenda.

Frávik:

Vinna við verkefnið og greiðsla frá Sprotasjóð hófst ekki fyrr en sumarið 2022 v/ - óviðráðanlegra tafa innanhús í Fjölbautarskólanum við Ármúla.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Verkefnið fékk 1 millj. í styrk frá Sprotasjóð en sótt var um 2,8 millj. Lægri styrkur hafði óneitanlega áhrif á þróunarstarfið en svo bárust gleðifréttir er Rannsóknarsjóður KÍ tilkynnti styrk til verkefnisins 1,1 millj.

Verkefnið fór seinna af stað vegna innanhústafa í 10 mánuði í Fjölbautarskólanum við Ármúla. Þegar úr greiddist fór kraftmikil vinna af stað á haustönn 2022 sem séð er fyrir endann á núna við lok vorannar 2023.

Einnig má nefna hindrun í ferlinu að fjórir kennrarar unnu í mismiklu vinnuhlutfalli við verkefnið í samvinnu við nemendur í Nýsköpunaráfanga. Skipulagning verkefnis var flókin og krafðist að rannsóknarvinna væri alltaf í takt við markmið verkefnisins, og þá einnig við námsáætlun áfangans. Tveir kennrarar kenndu saman 2/3 af tínum áfangans en greitt var fyrir vinnu eins kennara þann tíma. Það gerðu þeir til að ná því að halda utan um ferlið. Ábyrgð á framgangi verkefnisins hvíldi mikið á þeim sem og rannsóknarvinnan. Rannsóknarvinna fólst í hugmyndavinnu, undirbúningi og gerð námsáætlunar (tengd markmiðum verkefnisins). yfirsýn yfir rannsóknarferli nemenda, kannanir, samræðu, úrvinnslu og greiningar.


Helstu ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði eða samhliða.

Mikill ávinningur að vinna þróunarvinnu með nemendum í venjulegu skólastarfi. Um var að ræða starfendarannsókn (ABAR - Art based action research) með virkri þátttöku tuttugu nemanda í nýsköpunaráfanga, listkennurum og stjórnendum skólans.

Meginverkefni nýsköpunar áfangans á brautinni er að vinna sameiginlega að þróunarverkefninu, bæði nemendur og kennrarar. Viðfangið er umbreyting tveggja ára starfsnáms í listum til þriggja ára listnáms til stúdentsprófs með sameiginlegri iðju-tengdri skapandi rannsókn. Ferlið dregur fram niðurstöðu. Þannig verður lærðóms-samfélagið virkt og gagnkvæmt. Stjórnendur eru í samræðu með nemendum og kennurum.

## Aðferðir

- Allir rannsóknaraðilar héldu rannsóknardagbók og skrásettu ferlið með listrænni nálgunum.
- Úrvinnsla og umbreyting gagna byggist á samræðu og ígrundun, þar sem hugsun og skynjun speglar sýn rannsakanda og verður hvati framkvæmda. Vikuleg verkefni og rannsóknir nemenda er miðlað með sýningum, útgáfu og/eða stafrænt jafn óðum.
- Framsetning fólst í fjölda leiða ss upptökum, skrifum, ljóðagerð, myndrænni vinnu, tónlist, hlaðvörp, ljósmyndir, myndbönd, teikningar og þríviddarverf af hönnun, gjörningar, opnir fundir, uppákomur, dans, tónlist og annað frá umbreytingarferlinu.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Hefur verkefnið, eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Rannsóknarvinnan, vinnuferlið og samræðan var samfélagslegur listrænn gjörningur sem byggir á því að hugsa saman, vera saman, og skapa saman í skóla sem við teljum vera hjálplegt leiðarljos til að ná framförum og öðlast heildstæðan skilning, auknum námskraft og áhrif á vinnu. Hefur án efa áhrif á þáttakendur í rannsóknarferlinu.


Í dag þegar sterkt umræða er um farsæld og nemendalýðræði t.d. í skólum sem byggja á hugmyndum um lærðómssamfélög þá er þetta verkefni lærðómsríkt innslag.

Aðferðafræðin grundvallast á hugmyndafræði og afstöðu til skilnings einstaklinga á lífsgildum, jafnræði, sjálfraði og gildi menntunar. Enn fremur eru skilgreiningar á því hvað er í vinnslu og hvorju er lokið; hver er nemandinn og hver er kennarinn; hvað er dýrmætt og hvað ekki? Slíkt getur verið hreyfanlegra í listkennslu og hentaði vel viðfangi þróunarvinnunnar.

## Þróun námsbrautar

Samfélagslegur listrænn gjörningur sem byggir á því að hugsa saman, vera saman, og skapa saman í skóla sem við teljum vera hjálplegt leiðarljos til að ná framförum og öðlast heildstæðan skilning á vinnu.

- Úr varð sú hugmynd að vinna beint að þróuninni með nemendum í venjulegu skólastarfi.
- Starfendarannsókn (ABAR - Art based action research) með virkri þátttöku tuttugu nemandi í nýsköpunaráfanga, listkennurum og stjórnendum skólans
- Meginverkefni nýsköpunar áfangans á brautinni er að vinna sameiginlega að þróunarverkefninu, bæði nemendur og kennarar.
- Viðfangið er umbreyting tveggja ára starfsnáms í listum til þriggja ára listnáms til stúdentsprófs með sameiginlegri löjtengdiri skapandi rannsókn. Ferlið dregur fram niðurstöðu. Þannig verður lærðómssamfélagið virkt og gagnkvæmt.
- Stjórnendur skólans fylgjast með og taka þátt í samræðu með nemendum og kennurum.



Fjölbreytt skapandi verkefni, ýmsar kannanir, rafrænar og skriflegar, rýniviðtöl, samræður og annað mat frá nemendum um þessa nálgun og aðferðir voru mjög jákvæð. Sjónarhorn verkefnisins snertir marga þætti listkennslu og nýsköpunar, námskrárbreytingar, afstöðu til nemenda, þeirra til framtíðar svo sem tæknipróunar, umhverfismála og fl. Í þessu námsferli lærðum við kennararnir af nemendum og hvoru öðru.

Við höfum trú á að þróunarverkefnið hafi áhrif á skólastarf á brautinni, breyti kennsluháttum í námi nemenda, kennslu kennara hennar og áhrif á samskipti. Viðtöl, skoðanakannanir og rýniviðtöl drógu fram athyglisverðar og lærðómsríkar samræður. Vikuleg ný skapandi viðfangsefni tengdu saman í ferlinu hugsun, skynjun og iðju. Markmiðið var skráning upplýsinga, ígrundun og niðurstöður samræðna svo lærðómurinn gæti nýst rannsakendum (nemendum og kennurum í þróunarstarfinu). Mat nemenda í lokin var á þann veg að aðferðir í

þróunarverkefninu hafi snert fleti velsældar, aukið góðvild og samvinnu hjá nemendum og kennurum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.

Menntakvika (verkefnið var kynnt 2022 – vonandi aftur 2023), stefnt að greinaskrifum í fagtímarit og kynningum nemenda.

Vert er að rekja upphaflegt markmið NL- brautarinnar fyrir rúmlega 10 árum fólst í að auka fjölbreytni í námsframboði framhaldsskólanna og minnka brottfall. Niðurstöður meistararannsóknar á NL-brautinni fljótlega eftir að hún var stofnsett bentu til jákvæðra breytinga á viðhorfum nemenda t.d. aukin félagstengsl, stolt og ánægja nemenda með að tilheyra skólaumhverfinu og fl.

Þær kannanir sem gerðar voru á haustönn 2022 benda til ánægju nemenda brautarinnar og viðtöl og samræður draga fram mjög áhugaverðar niðurstöður um tengsl nemenda og líðan.



### NL-brautin verði 3já ára nám til stúdentsprófs

- Lengi hefur verið kallað eftir því að NL -brautin bjóði upp á fullt nám til stúdentsprófs.
- Yfirvöld skólans hafa ávallt bent á viðbótarnám til stúdentsprófs.
- Ekki fullnægjandi hvorki fyrir nemendur eða kennara listnáms.
- Nokkur hópur nemenda hafa horfið úr námi í aðra framhaldsskóla sem bjóða 3ja ára nám til stúdentsprófs.
- Gréta Mjöll Bjarnadóttir deildarstjóri: myndlist, listasaga og verkefnastjóri Sprotas verkefnisins
- Bjarki Þór Jónsson, tölvuleikja hönnun, sagnfræði
- Jeannette Castioni, myndlist, móton og ljósmyndun
- Þór Elís Pálsson, kvíkmyndagerð og yðburðarstjórnun hætti vegna starfsloka og Hallur Örn Árnason kvíkmyndagerðarmaður tók við.

Þróun námsbrautar var samofin kennsluháttum, sjálfræði nemenda og námshvata. Stefnan byggðist á að styrkja lærdómssamfélagið á brautinni með möguleikum á að nemendur og kennrar tækju ábyrgð á verkefninu og efldu tengsl sín á milli, sem auðveldar að deila reynslu og skapa þekkingu á jafningjagrundvelli.

Eins og áður hefur komið fram afmarkast verkefnið af tveimur þáttum.

Sumarið 2022 og haustönn 2022 (og hugmyndavinna 2021).

Skipulags og undirbúningsvinnu fyrir iðjutengda skapandi rannsókn rannsakenda, nemenda og listkennara, gerð efnis, gagnaúrvinnslu. Skýrslugerð og miðlun. Greitt af Sprotasjóði.

Sjónarhorn rannsóknarvinnunnar snertir marga þætti í listkennslu; afstöðu til nemenda, námskrárbreytingar, skoðun nemenda, væntingum, framtíðarsýn og samfélagsþróun og fl. Þróunarverkefnið getur haft áhrif á starf kennara og samskipti og nám nemenda brautarinnar. Viðtöl, podcöst, skoðanakannanir og rýniviðtöl drógu fram athyglisverðar og lærdómsríkar samræður nemenda. Kennrarar sem komu að verkefninu funduðu í upphafi vikulega til viðbótar kennslu áfangans.

Rannsóknarvinnan á haustönn 2022 byggðist á rannsóknarvinnu sem fólst í vikulegum viðfangsefnum s.s. þar sem nemendur rýndu í nám sitt og settu í samhengi við framtíðarsýn sína. Nefna má að eldri nemendur af brautinni komu í heimsókn og drógu fram reynslu sína, lýstu stöðu, kostum og göllum- námsins, í ljósi áframhaldandi náms þeirra eftir útskrift. Áttu þeir samræður við númerandi nemendur brautarinnar sem voru að rannsaka hana, námið kennsluhætti og skólaumhverfi. Einnig voru heimsóknir frumkvöðla og listamanna og unnið á tilraunaverkstæði lista og vínsinda, verkefni tengdum stafrænum tæknileiðum og fl.

Markmið gagnasöfnunar var skráning upplýsinga og niðurstöður samræðna svo lærdómurinn gæti nýst rannsakendum (nemendum og kennurum í þróunarstarfinu og breytingarferli brautarinnar. Að baki lá það markmið að auka námskraft, efla meðvitund nemenda á námi sínu, skoðunum og sjálfræði. Nemendur þróunarafangans fengu í hverri viku viðfangsefni sem byggðust á nýsköpun og rannsóknarvinnu á náminu. Skoðuð var staða námsbrautar, Kostir og gallar, hagnýtir þætti, kennsluhættir listræn gildi og þarfir til framtíðar. Allt í samræðu við nemendur. Unnið með grunnþætti námskrár með áherslu á lýðræði og rannsókn nemenda á lífsgildum. Unnu nemendur í hópum slagorð ætluð í rými skólans sem þau töldu að gætu aukið skilning og vellíðan allra. Skoðun áfanga, umræða um kennsluefni og kennsluhætti ofl. Rými skólans rannsökuð, skipulagning svæða, vinnusvæði, opin svæði og teiknaðar hugmyndir. Stundatafla rýnd, tímalengd og aðrir áhrifaþættir á velsæld og árangur, rædd og ígrunduð.



## Þróun námsbrautar

- Aðferðafræðin grundvallast á hugmyndafræði og afstöðu til skilnings einstaklinga á lífsgildum, jafræði, sjálfræði og gildi menntunar. Hún tengir hugsun, skynjun og iðju.
- Enn fremur eru skilgreiningar á því hvað er í vinnslu og hverju er lokið; hver er nemandinn og hvar er kennarinn; hvað er dýrmætt og hvað ekki? Slíkt er hreyfanlegra í listkennslu.
- Sterk umræða er um aukið nemendalýðræði t.d. í skólum sem byggja á hugmyndum um skóla sem lærdómssamfélög.
- Sjónarhom verkefnisins snertir marga þætti listkennslu og nýsköpunar, námskrárbreytingar, afstöðu til nemenda, þeirra til framtíðar svo sem tæknipróunar, umhverfismála og fl.
- Þetta er þróunarverkefni sem getur haft áhrif á skóla, nemendur og kennara.

## Niðurstöður – Samfélag til framtíðar

Vorönn 2023. Hugmyndavinna og skrif brautarlýsingar og viðbótaráfanga þriggja ára námsbrautar til stúdentsprófs. Endurskoðun og breytingar eldri áfanga, hugmyndavinna, hönnun og skrif viðbótaráfanga þriggja ára námsbrautar til stúdentsprófs annars vegar en endurskoðun og breytingar eldri áfanga hins vegar. Skýrslugerð og miðlun efnis. Greitt með styrk frá Rannsóknarsjóð Kennarasambands Íslands.

Fjölbrautaskólinn Ármúla státar af fjölbreyttri flóru nemanda. Breytt viðhorf í samféluginu gefa tækifæri eða kalla á nýjar leiðir. Spurningar vakna um lífstíl, sköpun og/eða framleiðslu á ýmsum sviðum, tækni og siðfræði. Hvaða þættir er öllum til heilla ef litið er til umhverfis, lýðræðis og jafnréttis. Þróunarvinnan byggðist á að styrkja lærðómssamfélag með samvinnu og ábyrgð nemenda og kennara á verkefninu. Allir efldu tengsl sín á milli, deildu reynslu og sköpuðu þekkingu á jafningjagrundvelli. Þróun brautar var samofin kennsluháttum, sjálfræði og námskrafti nemanda. Rannsóknarferlið var lærðómsríkt og nýsköpun fólgin í þessari listrænu iðjutengdu samvinnu kennara og nemenda.

Dæmi um rannsóknarsprungar í vinnuferlinu með nemendum:

Hvernig nám vilja nemendur á Nýsköpunar- og listabraut FÁ? Hverjar eru væntingar nemenda, líðan á brautinni og hvert stefna þeir? Hvernig uppfyllum við óskir nemenda í síbreytilegu samfélagi. Hvernig sýnum við samfélagslega ábyrgð í skólaþróun?

Allt ferlið er nýsköpunarverkefni í skólaþróun sem rímar vel við starf Fjölbrautaskólans Ármúla sem hefur sérstöðu í samsetningu nemenda. Framsýni og metnaður hefur oft einkennt kennsluhætti í skólanum og gefur verkefnið tækifæri til nýrra leiða.

Við lok áfangans í byrjun desember unnu nemendur mat á rannsóknarferlinu og nemendur og áttu rýnisamtal um reynsluna. Lærðómsríkast var að þeirra mati: Hvað upplifun þeirra var þeim mikilvæg, einnig sá lærðomur „að læra mest af mistökum“, enn fremur voru allir voru ánægðir með samræður í áfanganum og vildu almennt meiri samræðu nemenda og kennara í kennslu.

Ánægjulegt og áhugavert er mat nemenda á aðferðum og nálgun í þessu breytingarferli.



### Afurðir verkefnisins

- Eftir áramótin höfum við unnið að þróun áfanga og tekio mið af væntanlegu stúdentsprófi sem þá nýtist nemandanum til fulls að sækja um framhaldsnám í listaháskólam hér heima sem erlendis.
- Áfram verður markmið að nemendur hafi möguleika á starfnáminu og þeirri grunnþekkingu hæfni og leikni til að starfa sem aðstoðarfólk innan listageirans á ýmsum sviðum ss í leikhúsi, listasönum og kvíkmyndagerð.
- Það er sýn okkar að þróun og tilurð brautarinnar er nauðsynleg, bæði skólanum og nemendum til heilla.
- Kennrarar uppskeru árangur, elju, aukna ánægju og sjálfræstu nemenda við útskrift af brautinni.

## **Verkáætlun haust og vorönn.**

### **Haustmisseri - Upphaf skólaárs 2022 ágúst/september**

- Hver kennari á brautinni vinnur með sína eigin dagbók sem síðar verður unnið með.
- Kennrarar funda einu sinni í viku bæði í hóp umræðu og vinna samkvæmt þeim verkliðum sem áætlað er að vinna rannsókn og þróun brautarinnar.

#### **September**

- Stofnaðir rýnhópar nemenda. Útkoma úr þeim skráð jafnóðum.
- Hefja samræðu við Listaháskóla Íslands.

#### **Sept/október**

- Lagðir spurningalistar fyrir nemendur á miðju misseri og unnið úr þeim.
- 

#### **Nóvember/des**

- Gögnum safnað og haldið utan um upplýsingaöflun.
- Skoðaðar rannsóknir og reynsla annarra í þeim tilgangi að styrkja þá þróun sem fyrirhuguð er á brautinni.

#### **Desember**

- Sýning, mat nemenda, úrvinnsla gagna og þróunarvinna.

### **Vormisseri - 2023**

- Mótun Nýsköpunar- og listabrautar í þriggja ára nám til stúdentsprófs sem byggt verður á þeim rannsóknargögnum sem aflað var á hausmisseri.

#### **Um miðjan febrúar**

- Þróun áfanga með það að markmiði að nemendur hafi grunnþekkingu, hæfni og leikni til skilja og geta nýtt sér viðeigandi aðferðir í listum ss leikhús, myndlist, listasöfn og kvíkmyndagerð.
- Jafnframt mun þróun áfanga taka mið af væntanlegu stúdentsprófi sem þá nýtist nemandanum til fulls að sækja um framhaldsnám í listaháskólum hér heima sem erlendis.

### **Samantekt og mótmáli**

Öllu efni safnað saman og gengið frá nýrri NL-braut sem þriggja ára braut til stúdentsprófs.

7. júní. 2023

Björgvin Þórsson  
Undirskrift verkefnisstjóra

Magnús Þorvaldsson  
Undirskrift skólameistara



## Rekstrarreikningur

Kostnaðarliðir	Gjöld	Tekjur
Laun	1.000.000	
Húsnæði		
Framlag skóla 22 % launatengd gjöld	222.000	222.000
Styrkur		1.000.000
Alls	1.220.000	1.220.000